

Yfirlit um uppbyggingu fríverslunarsamnings Íslands og Kína

Að meginstofni til er samningurinn byggður upp að fyrirmynd og með sama hætti og þeir fríverslunarsamningar sem Ísland hefur þegar gert með öðrum aðildarríkjum EFTA.

Samningurinn skiptist í eftirfarandi kafla.

Formálsorð

Í formálsorðum eru ýmsar almennar yfirlýsingar meðal annars um samskipti ríkjanna og að fríverslunarsamningur geti verið mikilvægur liður í að styrkja viðskiptatengsl. Markmiðið sé að skapa ný atvinnutækifæri og bæta lífskjör. Byggt sé á réttindum og skyldum sem ríkin hafa innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þar er jafnframt tekið fram að efnahagsleg og félagsleg þróun, og umhverfisvernd, séu samofnir þættir sjálfbærrar þróunar sem styðja hver annan, og að nánari efnahagsleg samvinna geti stuðlað að sjálfbærri þróun.

1. Kafli - Almenn ákvæði

Í kaflanum um almenn ákvæði eru meginmarkmið fríverslunarsamnings útlustuð – að auka viðskipti og eyða viðskiptahindrunum. Vísað er til landfræðilegs gildissviðs samningsins og tengsla hans við aðra alþjóðasamninga. Í því sambandi eru áréttuð réttindi og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Fjölmörg réttindi og skyldur sem kveðið er á um fríverslunarsamningnum grundvallast einmitt á samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem Ísland og Kína eiga bæði aðild að.

2. kafli - Vöruviðskipti

Í kaflanum um vöruviðskipti er að finna ákvæði um niðurfellingu innflutningstolla, magntakmarkanir, styrki og jöfnunarráðstafanir og verndunarráðstafanir, undirboð, ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, og tæknilegar reglur. Réttindi og skyldur samningsaðila á þeim sviðum, sem undir þennan kafla heyra, grundvallast oft á þeim reglum sem gilda í samningum sem gerðir hafa verið innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í viðauka I við samninginn eru skuldbindingar ríkjanna um niðurfellingu tolla útlistaðar nánar.

Í II. og III. viðauka koma fram upplýsingar um lögbær stjórnvöld og tengiliði ríkjanna hvað varðar annars vegar ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna og hins vegar tæknilegar viðskiptahindranir. Ákvæði samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á þessum sviðum eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna.

3. kafli - Upprunareglur

Kveðið er á um upprunareglur og upprunasannanir í sérstökum kafla samningsins og í IV. og V. og VI. viðauka. Til að vara geti notið tollfríðinda á grundvelli fríverslunarsamningsins þarf hún að teljast upprunnin á Íslandi eða í Kína. Upprunareglur samningsins kveða á um hvaða skilyrði vara þarf að uppfylla til þess að teljast upprunnin á Íslandi eða Kína. Upprunareglur samningsins fyrir iðnaðarvörur fela í sér víðtæka möguleika til að framleiða upprunavörur úr hráefnum frá öðrum ríkjum. Upprunareglur fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarvörur eru hins vegar strangari og að meginstefnu gerð krafa til þess að varan sé að fullu upprunnin í landi samningsaðila. Þar fyrir utan þarf að vera um að ræða bein viðskipti milli landanna tveggja og vörurnar skulu sendar beinum flutningi (umflutningur mögulegur).

4. kafli - Reglur um tollmeðferð og að greiða fyrir viðskiptum.

Í flestum fríverslunarsamningum eru ákvæði sem hafa að markmiði að framkvæmd tollyfirvalda sé hagað þannig að greitt sé fyrir viðskiptum milli ríkja. Ekki verði óþarfa tafir við tollafgreiðslu og að hún sé sem einföldust fyrir viðskiptaaðila. Meðal leiða að þessu markmiði eru einfaldaðir ferlar við tollafgreiðslu vöru, skýrar og gagnsæjar upplýsingar, bindandi álit sem veitt er áður en tollafgreiðsla á sér stað, einfölduð stjórnsýsla, skýr kæruréttur viðskiptaaðila og gott samstarf milli tollyfirvalda viðkomandi ríkja.

5. kafli - Samkeppni

Samningurinn gerir ekki ráð fyrir samræmdri framkvæmd samkeppnisreglna samningsaðila, líkt og gert er í EES-samningnum. Viðurkennt er hins vegar að samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækja kunni að hindra þann ávinning sem annars hlýst af samningnum. Aðilar takast á hendur að beita samkeppnislögum sínum í því skyni að vinna gegn viðskiptaháttum sem hamla samkeppni. Kveðið er á um samvinnu og samstarf milli samkeppnisyfirvalda og að ágreiningsmál sem upp kunna að koma verði leyst með tvíhliða samráði milli ríkjanna.

6. kafli - Hugverkaréttindi

Markmið hugverkaréttar er að tryggja hagsmuni skapandi greina, svo sem hönnuða, forritara og listamanna, og einnig rétt fyrirtækja sem vinna að nýsköpun og tæknilegri framþróun. Til hugverka teljast til dæmis höfundaréttur, vörumerki sem auðkenna vöru og þjónustu, einkaleyfi og hönnun. Ísland og Kína eiga aðild að fjölmörgum alþjóðlegum samningum á sviði hugverkaréttar, til dæmis samningnum um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS) á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Vernd hugverkaréttinda er eitt af markmiðum fríverslunarsamningsins. Það kemur fram í ákvæði samningsins um markmið hans og þar staðfesta samningsaðilar vilja sinn til að tryggja vernd hugverkaréttinda í samræmi við skuldbindingar samningsaðila samkvæmt alþjóðasamningum á þessu sviði. Í sérstökum kafla samningsins staðfesta samningsaðilar mikilvægi verndar hugverkaréttinda til að efla efnahagslega og félagslega þróun. Þeir staðfesta jafnframt skuldbindingar sínar samkvæmt tilteknum alþjóðasamningum. Einnig er þar að finna ákvæði um mögulegt samstarf og gagnkvæm upplýsingaskipti aðila hvað varðar vernd hugverkaréttinda. Þá er kveðið á um rétt samningsaðila til beinna tvíhliða samskipta í því skyni að leysa hvers kyns vandamál sem upp kunna að koma á sviði hugverkaréttinda. Samningurinn skapar því grundvöll fyrir aukið samstarf við Kína um hugverkavernd.

7. kafli - Þjónustuviðskipti

Eins og margir aðrir fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gert á undanförunum árum nær samningurinn við Kína einnig til þjónustuviðskipta.

Skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum byggja alfarið á tilboði sem Ísland lagði fram innan Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar (WTO) árið 2005. Er það jafnframt í samræmi við það sem Ísland hefur samið um í fríverslunarviðræðum með EFTA-ríkjunum á undanförunum árum. Á sama hátt byggja kínversk stjórnvöld á tilboði sem þau lögðu fram innan WTO.

Skuldbindingar Ísland í þjónustuviðskiptum í fríverslunarsamningum grundvallast ávallt á íslenskum lögum, þar á meðal lögum um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga.

Samningurinn tiltekur þær þjónustugreinar sem undir hann falla. Sérstakar skuldbindingar ríkjanna á sviði þjónustuviðskipta eru tilgreindar í viðauka VII við fríverslunarsamninginn. Nokkur svið eru alfarið undanskilin samningnum, svo sem opinber þjónusta, heilbrigðis- og menntunarþjónusta. Í fríverslunarsamningnum er aldrei samið um frjálsa för fólks í anda EES-samningsins og Schengen samstarfsins, og heldur ekki um að það að ræða í þessum samningi.

Ein af megináherslum Kína í viðræðunum var aukið frelsi varðandi aðgang þjónustuveitenda að íslenskum vinnumarkaði. Niðurstaðan varð sú að Ísland undirgengst engar skuldbindingar í þeim efnum. Gert er ráð fyrir að komi fram ósk um slíkt verði unnt að ræða sérstaklega um stöðu örfárra kínverskra atvinnugreina (nálastungusérfræðingar, kennarar í austurlenskum bardagaíþróttum, tungumálakennarar og leiðsögumenn með sérstakt starfsleyfi) með tilliti til möguleika á að veita þjónustu hér á landi en þó tekið skýrt fram að um það gildi íslenskar lagareglur og alþjóðlegar skuldbindingar. Engar skuldbindingar eru í samningnum um að veita þessum þjónustuveitendum aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Sjá nánar viðauka VIII.

8. kafli - Fjárfestingar

Í fríverslunarviðræðunum við Kína var ekki samið um fjárfestingar. Einungis er gert ráð fyrir að fjárfestingasamningur ríkjanna frá 1994 muni halda sér en hann kveður á um gagnkvæma vernd fjárfestinga sem til er stofnað og vísað er til þess samnings í sérstökum kafla fríverslunarsamningsins. Samningurinn mun því ekki hafa breytingar í för með sér á möguleikum á fjárfestingum Kínverja á Íslandi eða á möguleikum Íslendinga til fjárfestinga í Kína. Engar sjálfstæðar heimildir til fjárfestinga eða vilyrði um rýmkun reglna þar að lútandi eru að finna í samningnum.

9. kafli - Samvinna

Stundum er í fríverslunarsamningnum komið á samstarfi milli samningsaðila um ýmis mál sem aðallega varða fríverslunarsamninginn en geta þó einnig varðað önnur málefni. Í fríverslunarsamningi Íslands og Kína er vísað til þess víðtæka samstarfs sem er á milli ríkjanna á hinum ýmsum sviðum. Má þar nefna vaxandi samstarf á sviði vísinda og tækni, norðurslóðamála og mennta- og menningarmála. Samningurinn kveður einnig á um að ríkin skuli auka samstarf sitt á sviði umhverfisverndar og vinnumála.

10. kafli - Stofnanaákvæði

Með samningnum er settur á stofn vettvangur þar sem embættismenn ríkjanna fjalla um framkvæmd samningsins, til dæmis einstök vandamál sem fyrirtæki upplifa í viðskiptum. Slíkir fundir verða að jafnaði haldnir á tveggja ára fresti, en oftast ef þörf krefur.

11. kafli - Lausn deilumála

Í samningnum er að finna hefðbundin ákvæði fríverslunarsamninga um lausn deilumála sem upp kunna að koma milli samningsaðila. Ef ágreiningur er uppi varðandi túlkun, framkvæmd og beitingu samningsins er reynt að finna með samráði aðilanna lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við. Ef sú leið þrýtur getur hvor aðili um sig farið fram á stofnun gerðardóms til að skera úr um ágreininginn. Til þess hefur aldrei þurft að koma í þeim fríverslunarsamningnum sem Ísland hefur gert. Starfsreglur gerðardóms er að finna í viðauka IX.

12. kafli - Lokaákvæði

Í lokaákvæðum fríverslunarsamningsins er meðal annars kveðið á um það ferli sem verður ef samningnum er breytt, gildistöku og heimildir varðandi uppsögn samningsins.